

Umhverfisverkefni. Krafla, Námafjall.
Tillögur um verkþætti 1993

Halldór Ármannsson

Greinargerð HÁ-92/03

3. desember, 1992

há

UMHVERFISVERKEFNI. KRAFLA, NÁMAFJALL. TILLÖGUR UM VERKPÆTTI 1993

1. UMHVERFISÚTTEKT

Áætlað er að halda áfram vinnu við umhverfisúttekt á vinnslusvæðunum í Kröflu og Námafjalli. Forverki lýkur með skýrslu, sem byggist að mestu á heimildasafni, sem er raðað eftir efnisatriðum og frumúrvinnslu á þeim. Næsta skref er að fara ofan í öll tiltæk gögn og gera úttekt á stöðu hvers svæðis og búa til áætlun um hvaða gagna þurfi að afla í viðbót og hvernig eigi að standa að eftirliti í framtíðinni. Til að ljúka megi slíkri úttekt á næstu tveimur árum er lagt til að leggja í um 4 mánaða vinnu fyrir hvern vinnsluaðila.

Kostnaður við umhverfisúttekt fyrir Landsvirkjun:
60% af 800 t á kr. 2.500

Kr. 1.200.000

2. SÉRVERK

2.1 ATHUGUN Á FRÁRENNSLI

Reynt verði að ná stíflunni úr holunni í Búrfellshrauni. Takist það er lagt til, að sýni til heildarefnagreiningar og greiningar kvikasilfurs verði tekið úr henni og frárennislæk Kröfluvirkjunar til að kanna áhrif frárennslis Kröfluvirkjunar og úr Grjótagjá, Stórugjá, einni af gömlu "kaldavatnsholunum" og einni lind í Mývatni til að kanna frárennsli frá Námafjalli. Sýnatöku og aðgerðum mætti ljúka á þremur dögum. Æskilegt er að slíkt eftirlit fari fram reglubundið a.m.k. einu sinni á ári og að gera megi ráð fyrir frekari aðgerðum ef e-ð óvenjulegt kemur í ljós. Ekki er gert ráð fyrir kostnaði við hreinsun holunnar í þessari áætlun.

Áætlaður kostnaður:	Sérfræðingur í 3 daga:	Kr. 90.000
	6 heildarefnagreiningar:	149.766
	6 kvikasilfursgreiningar:	24.948
	Ferðir:	13.110
	Upphald:	23.760
	Bíll:	37.740
	Samtals.	<u>Kr. 339.324</u>

2.2 MAT Á NÁTTÚRULEGU GUFUSTREYMI

Lagt er til, að gufustreymi frá gufuaugum svæðisins verði metið eftir auga á sama hátt og gert var árið 1979, þ.e. að yfirborð gufu- og ummyndunarbletta verði mælt og gufustreymi frá hverjum bletti síðan metið eftir auga í samanburði við gufustreymi frá borholum á svæðinu um svipað leyti og þær eru aflmældar. Um leið yrði hver blettur ljósmyndaður við svipuð skilyrði og frekara mat lagt á streymið eftir skoðun myndanna. Lagt er til að a.m.k. tveir menn sjái um þetta verk og má ætla, að það taki um 5 daga. Til stendur að OS fái tæki til mælinga á rennsli gufuaugna frá USGS. Fáist það er eindregið mælt með að það verði prófað í sömu ferð. Kostnaður við slíka viðbót er ekki reiknaður með hér að neðan en um væri að ræða a.m.k. 3 daga vinnu til viðbótar (Kr. 250.00 - 300.000) og gæti kostnaður sá orðið hluti af sameiginlegum kostnaði samstarfsaðila verkefnisins.

Áætlaður kostnaður: 2 Sérfræðingar í 6 daga:	Kr. 360.000
Ferðir:	26.220
Uppihald:	95.040
Bíll:	74.880
Samtals:	Kr. <u>556.140</u>

3. Sameiginleg sérverk

Tillaga um sameiginleg sérverk allra samstarfsaðila er í hjálagðri greinargerð. Samkvæmt þessum tillögum er heildarkostnaður við þau kr. 6.535.000.

Hlutur Landsvirkjunar:	Kr. <u>1.307.000</u>
------------------------	----------------------

4. Heildarkostnaður Landsvirkjunar 1993:	Kr. <u>3.402.464</u>
--	----------------------